

Samningur

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) kt. 670169-0229 og Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. kt.680466-0179 gera með sér eftirfarandi samning um eflingu íþróttastarfs 16 ára og yngri iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði. Samningur þessi er gerður á grundvelli samstarfssamnings Hafnarfjarðabæjar og ÍBH frá 14.06. 2001.

1. gr.

Markmið samnings þessa er að efla íþróttastarfið í Hafnarfirði þannig að það verði áfram kraftmikið og bæjarbúum til heilla. Með stuðningi bæjarins við íþróttahreyfinguna með þessum hætti ber íþróttafélögum að halda árgjöldum yngri iðkenda sinna í hófi. Samningur þessi á að efla fagmennsku íþróttafélaganna við kennslu og þjálfun barna og unglinga þannig að þjónustubáttur þeirra við bæjarbúa verði aukinn og bættur. Samningurinn á einnig að efla innra starf íþróttafélaganna til framfara og framtíðaruppbyggingar á sviði þjálfunar og kennslu innan hreyfingarinnar. Með samningi þessum heita íþróttafélögin því að stúlkur og drengir njóti jafnra tækifæra, þeim sé veitt jöfn hvatning og þau fái sömu möguleika til að stunda íþróttir hjá félögunum. Við stefnumótun og þjálfun verður jafnframt lögð áhersla á jafnan hlut og aðgang kynjanna að þáttum eins og fjármagni, tíma og upplýsingum.

2. gr.

Aðildarfélög ÍBH fá greitt rekstrarframlag sem miðast við fjölda iðkenda 16 ára og yngri. Hvert íþróttafélag fær styrk fyrir hvern iðkanda að upphæð sem miðast við hlutfall af heildar fjárveitingu samkvæmt 7. og 9. gr og að teknu tilliti til frádráttar vegna jafnréttishvata sbr. 3. gr.

Miða skal við að grunnupphæðin nemi um 60% af heildarupphæðinni. Styrkhæf er sú íþróttagrein sem stendur fyrir æfingum og kennslu 16 ára og yngri, að lágmarki 2 föstum æfingatímum í viku 4 mánuði í senn, sumarnámskeið íþróttafélaganna eru undanskilin.

3. gr.

Taka skal til hliðar af heildarfjárframlaginu eina milljón króna sem rennur til þeirra félaga sem ná bestum árangri í að jafna þátttökuhlutfall kynjanna á milli ára. Heildarfjárhæðin sem liggur til grundvallar öllum öðrum úthlutunum samkvæmt samningi þessum lækkar sem þessu nemur.

Skal hálf milljón króna renna til þess félags þar sem hlutfall þess kyns, sem hallaði á, hefur aukist um flest prósentustig á milli ára, þó þannig að fjölgunin nemi að minnsta kosti fimm iðkendum. Hálf milljón króna skal renna til þess félags sem bætt hefur við flestum iðkendum af því kyni sem hallaði á. Reynist sama félag hafa náð bestum árangri samkvæmt báðum mælikvörðum skal það þó aðeins hljóta helming fjárins, en hinn helmingurinn renni til þess félags sem var hlutfallslega næst því að jafna árangur þess á öðrum hvorum mælikvarðanum.

Fyrsta úthlutun samkvæmt þessari grein verður sumarið 2015, á grundvelli þróunar kynjahlutfalla á milli árunna 2013 og 2014.

4. gr.

Íþróttafélög geta í lok ársins sótt um hækkandi styrk vegna hærri menntunarstigs þjálfara samkvæmt eftirfarandi:

Ýmis námskeið tengd íþróttþjálfun, menntunarstig ÍSÍ og sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar. Íþróttakennaramenntun, þjálfaranám á háskólastigi og íþróttافرæðigráða ásamt sérmenntun í íþróttagrein. Ákveðin verður grunnupphæð sem hækkar við hvert menntunarstig.

Miða skal við að styrkur vegna menntunarstigs og námskrár samkvæmt 5. gr. verði um 40% af heildarupphæðinni. Menntunarstig skal metið út frá gögnum sem íþróttafélögin leggja fram. Þessi styrkur er greiddur fyrir síðasta starfstímabil hvers íþróttafélags í árslok.

5. gr.

Aukastyrkur er veittur til íþróttafélags og/eða deildar þess sem útbúið hefur námsskrá eða heildræna æfingaáætlun fyrir starfsemi sína við þjálfun og kennslu 16 ára og yngri iðkenda sinna og fylgir henni.

6. gr.

Greiðslur miðast við upplýsingar um iðkendafjölda úr rafrænu skráningarkerfi vegna síðasta starfsárs. Jafnframt er hægt að óska eftir að íþróttafélag leggi fram kvittanir vegna æfingagjalda sem staðfestir fjölda iðkenda félags.

Íþróttafélag getur aðeins sótt um greiðslu vegna iðkenda einu sinni á hverju ári. Umsóknir um styrkveitingar skulu berast til skrifstofu ÍBH fyrir 15. apríl og koma til greiðslu fyrir 15. júní ár hvert. Samkvæmt samantekt ÍBH á umsóknum og upplýsingum frá íþróttafélögum mun Íþróttafulltrúi sjá um að greiðslur Hafnarfjarðar berist til ÍBH fyrir 1. júní. Styrkur vegna menntunarpáttar samkvæmt 4. gr. skal greiddur fyrir 31. desember á sambærilegan hátt. Fjárstyrkir til félaga / deilda skulu greiddast inn á rekstrarreikninga barna- og unglingsstarfs félaga / deilda.

7. gr.

Reglur þessar miðast við það fjármagn sem fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar segir til um þó að lágmarki kr. 9.000.000- og skiptist samkvæmt ofansögðu hverju sinni. Íþrótt- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar mun vinna að því að efla fjárveitingu til þessa málaflokks miðað við aukið umfang íþróttafélaganna.

8. gr.

Íþrótt- og tómsbundanefnd getur farið fram á að upplýsingar frá íþróttafélögunum um einstaka þjálfara verði lögð fram til staðfestingar á menntun þeirra og að iðkendatala sé sem næst opinberum tölum um iðkendur íþróttafélaganna samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ hverju sinni.

9. gr.

Fylgiskjal 1 við þennan samning, dags. 30.12.2013, kveður á um viðbótarframlag við samninginn frá Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. og er fylgiskjalið óaðskiljanlegur hluti þessa samnings. Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningnum sjálfum.

10. gr.

Gefi íþróttafélög rangar upplýsingar eiga þau á hættu að missa hlutdeild í þessum styrk.

11. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar árið 2014. Samninginn má endurskoða árlega til dæmis með tilliti til iðkendafjölda, umfangs og þjónustuþáttar íþróttafélaganna. Samningurinn í heild sinni verður endurskoðaður í september 2016. Þá skulu samningsaðilar leggja mat á árangur samningsins. Verði niðurstaða matsins sú að Hafnarfjarðarbær og ÍBH telji ástæðu til að halda verkefninu áfram mun Hafnarfjarðarbær beita sér fyrir áframhaldandi fjárveitingu allt að 9.000.000.- krónur á ári.

12. gr.

Samningurinn er gerður í þremur samhljóða eintökum. Hafnarfjarðarbær, ÍBH og Rio Tinto Alcan á Íslandi halda hvert um sig einu eintaki.

Hafnarfirði 30. 12. 2013

F. h. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

F. h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.

Vottar að rétttri dagsetningu,
fjárhæð og undirskrift aðila:

FYLGISKJAL 1

við samning Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH), kt. 670169-0229, og Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. kt. 680466-0179, um eflingu íþróttastarfs 16 ára og yngri iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði, dags. 30. desember 2013.

Framlag Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.

1. Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., kt. 680466-0179, leggur níu milljónir króna (9.000.000 kr.) á ári til samningsins um eflingu íþróttastarfs yngri iðkenda íþróttafélaga innan ÍBH. Um úthlutun framlagsins gilda úthlutunarreglur samningsins.
2. Samningstími framlagsins frá Rio Tinto Alcan á Íslandi er frá 1. janúar 2014 til ársloka 2016.
3. Framlag hvers árs er greitt til ÍBH í tvennu lagi. Rio Tinto Alcan á Íslandi greiðir ÍBH fimm milljónir og fjögurhundruð þúsund kr. fyrir 1. júní og þrjár milljónir og sexhundruð þúsund kr. fyrir 15. desember ár hvert.
4. Rio Tinto Alcan á Íslandi hf styrkir hvert félag um kr. 100 á skilgreindan iðkanda samkvæmt samningi vegna kostnaðar við setningu Rio Tinto Alcan merkisins á keppnisbúninga iðkenda.
5. Ákveðið hefur verið að greiða kostnað vegna 50 stuttermabola, merкта fyrirtækinu, ÍBH og Unglingalandsmótinu fyrir keppendur ÍBH í setningarathöfn Unglingalandsmóts UMFÍ árlega.
6. Tryggja skal að fulltrúi Rio Tinto Alcan á Íslandi komi að afhendingu styrkja til íþróttafélaganna samkvæmt samkomulagi ár hvert.
7. Íþróttafélög sem njóta styrkja skv. þessum samningi skulu;
 - á vefsíðu sinni birta fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og setninguna "*Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglíngastarf < nafn félags >.*"
 - á bréfsefni sínu birta fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og setninguna "*Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglíngastarf < nafn félags >.*"
 - á öllu kynningarefni sem varðar barna- og unglíngastarf félagsins, t.d. bæklingum og auglýsingum, birta fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og setninguna "*Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglíngastarf < nafn félags >.*"

Til viðbótar ofangreindu gerir Rio Tinto Alcan á Íslandi eftirfarandi kröfur til tiltekinna félaga:

Knattspyrnufélagið Haukar

- Allir keppnisbúningar fyrir 16 ára og yngri skulu merktir með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan. Þetta ákvæði gildir þó ekki þar sem óheimilt er að hafa auglýsingar á keppnisbúningum eða slíku verður sannarlega illa við komið. Nákvæm staðsetning á merki skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.
- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og textanum " Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglíngastarf Hauka" skal sett upp utanhúss að Ásvöllum. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.

- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og textanum " Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglingastarf Hauka" skal sett upp í íþróttasal íþróttamiðstöðvarinnar að Ásvöllum. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar

- Allir keppnisbúningar fyrir 16 ára og yngri skulu merktir með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan. Þetta ákvæði gildir þó ekki þar sem óheimilt er að hafa auglýsingar á keppnisbúningum eða slíku verður sannarlega illa við komið. Nákvæm staðsetning á merki skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.
- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og textanum " Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglingastarf FH" skal sett upp utanhúss við Kaplakrika. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.
- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og textanum " Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglingastarf FH" skal sett upp í íþróttasal íþróttahússins í Kaplakrika. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.

Fimleikafélagið Björk

- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan skal haft uppi í aðalsal Bjarkarhússins við Haukahraun.
- Fyrirtækjafánum Rio Tinto Alcan skal flaggað utanhúss á almennum fimleikasýningum barna og unglunga, t.d. jólasýningu og vorsýningu.

Golfklúbburinn Keilir

- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og textanum " Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglingastarf Keilis" skal sett upp í æfingaaðstöðu Keilis.
- Fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan og textanum " Rio Tinto Alcan á Íslandi styður barna- og unglingastarf Keilis" skal komið fyrir á upplýstu skilti utan við klúbbhús Keilis við Hvaleyrarvöll.

Sundfélag Hafnarfjarðar

- Æfingabúningar (utanyfirgallar) sem notaðir eru á mótum fyrir 16 ára og yngri skulu merktir með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan. Nákvæm staðsetning á merkinu skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.
- Á hverju ári skal haldið sundmót fyrir börn unglunga sem tileinkað er fyrirtækinu. Mótið skal heita Rio Tinto Alcan-mótið og skal tryggt að fulltrúi Rio Tinto Alcan veiti verðlaun á mótinu.

Hestamannafélagið Sörli

- Fyrirtækjafánum Rio Tinto Alcan skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.

Siglingafélagið Þytur

- Fyrirtækjafánum Rio Tinto Alcan skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

- Fyrirtækjafánum Rio Tinto Alcan skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.
- Á hverju ári skal haldin danskeppni fyrir börn / unglunga sem tileinkuð er fyrirtækinu. Keppnin skal heita Rio Tinto Alcan-keppnin og skal

tryggt að fulltrúi Rio Tinto Alcan veiti verðlaun og að fánum fyrirtækisins verði flaggað

Badmintonfélag Hafnarfjarðar

- Keppnistreyjur allra barna og unglunga sem keppa á vegum Badmintonfélags Hafnarfjarðar skulu merktar með fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan. Nákvæm staðsetning á merkinu skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto Alcan á Íslandi.

Félögin sjálf sjá um að láta merkja fatnað og bera þann kostnað sem af því kann að hljótast en njóta þó til þess fjárstuðnings frá fyrirtækinu samanber 4. grein hér að ofan. Félögin bera einnig allan kostnað sem kann að hljótast af þeim almennu ákvæðum sem þau þurfa öll að uppfylla. Rio Tinto Alcan á Íslandi ber kostnað af öðrum merkingum eða atburðum sem krafa er gerð um í samningi þessum, nema annað sé tekið fram.

Merkingar skulu taka mið af reglum sem gilda um fyrirtækismerki Rio Tinto

Alcan en upplýsingar um þær er að finna á vefsíðu fyrirtækisins,

www.riotintoalcan.is.

8. Umsóknum um styrkveitingar skulu fylgja gögn sem sýna að viðkomandi aðildarfélag ÍBH hafi uppfyllt skilyrði þessa samnings um ofangreindar merkingar. Hafi skilyrðin ekki verið uppfyllt getur það komið niður á styrkveitingu til viðkomandi félags og önnur njóta góðs af.
9. Aðildarfélög ÍBH sem njóta styrkja samkvæmt þessum samningi skulu a.m.k. einu sinni á ári leitast við að upplýsa skilmerkilega alla aðila sem gegna ábyrgðarstöðum fyrir félögin og einstakar deildir þess um upphæð þess styrks sem viðkomandi félag nýtur frá fyrirtækinu.
10. Fyrirtækismerki Rio Tinto Alcan á Íslandi skal komið fyrir í íþróttamannvirkjum bæjarins þar sem því verður komið við, á stað sem málsaðilar eru sammála um.
11. Samningur þessi er uppsegjanlegur, bæði af hálfu ÍBH og Rio Tinto Alcan á Íslandi, með sex mánaða fyrirvara.
12. ÍBH skuldbindur sig til að veita upplýsingum til félagsmanna sinna þar sem fram kemur styrkveiting RIO TINTO ALCAN. Það er að foreldrar í Hafnarfirði viti af því að Rio Tinto Alcan á Íslandi greiði styrki til ÍBH sem leiði til lægri þátttökugjalda.

Aðilar staðfesta hér með efni skjalsins með undirskrift sinni.

Hafnarfirði, 30. 12. 2013

Fh. Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.

Fh. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Fh. Hafnarfjarðabæjar

Vottar að rétttri dagsetningu
og undirskrift aðila :
